

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag Suðurbrúnar á Flúðum, íbúðar- og landbúnaðarsvæði.*

Í deiliskipulaginu felst að á 4,1 ha svæði er gert ráð fyrir lóðum fyrir íbúðarbyggð og landbúnað. Á svæðinu í dag eru 5 íbúðarhúsalóðir auk gróðurhúss og tilheyrandi starfsmannahúss. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsalóðum austast á svæðinu og í staðinn fellur út núverandi lóð nr. 8. Samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. nóvember 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2010